

Ed.

481. Frumvarp til laga

um heimild til að innheimta skemmtanaskatt í þjóðleikhússjóð með viðauka.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 er frá og með 1. janúar 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk kennslumálaráðherra, og fylgdu því svo felldar athugasemdir:

Ríkisstjórnin mun ekki leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um, að tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927 renni í ríkissjóð. Ef slíkt frumvarp verður ekki lagt fram, hverfa þessar tekjur á árinu 1942 aftur til þjóðleikhússjóðs og umsjá laganna um skemmtanaskatt og þjóðleikhús undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.